

MARKAÐSSETNING
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
Á ERLENDUM MÖRKUÐUM
UNDIR VÖRUMERKINU REYKJAVÍK



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



Samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins
gagnvart erlendum fjárfestum
Samantekt

Unnið af Invest in Iceland og SSH, nóvember 2013

„Samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins gagnvart erlendum fjárfestum“ er hluti af Sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið 2013 sem er fjármagnað m.a. af ríkissjóði samkvæmt sérstökum samningi þar um. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu annast úrvinnslu og framkvæmd sóknaráætlunarinnar og bera ábyrgð á framgangi þeirra verkefna sem falla undir hana.

Innihald, skoðanir og niðurstöður eru á ábyrgð skýrsluhöfundar.

EFNI

Samantekt	2
Tillögur fjárfestingarvaktarinnar til iðnaðarráðherra	3
Saga erlendrar fjárfestingar á Íslandi.....	4
Samkeppnishæfni Reykjavíkur.....	6
Styrkleikar og samkeppnishæfni.....	7
Veikleikar og samkeppnishæfni.....	8
Atvinnugreinar og áherslusvið.....	8
Ferðapjónusta.....	8
Orkuháður iðnaðar	9
Efnaferlar	9
Gróðurhús í iðnaðarskala	10
Gagnaver	10
Tölvuleikjaframleiðsla og aðrar skapandi greinar.....	10
Líf- og heilsutækni	10
Skattar sem samkeppnistæki gagnvart fjármálaþjónustu	11
Viðauki 1: Aðgerðir til undirbúnings og eflingar markaðsstarfs	12
Skipulagsmál.....	12
Gagnaöflun og markaðsstarf	12
Viðauki 2: Forysta um úrbætur í starfs- og lagaumhverfi.....	15
Viðauki 3: Yfirlit yfir skýrslur um samkeppnishæfni Íslands	17
Heimildir	20



Samantekt

Stefnt skal vera að því að laða að höfuðborgarsvæðinu margskonar iðnað sem er orkuháður og byggir á nýsköpun: hugbúnaðargerð, gagnaver, skapandi greinar, sjávertengdar greinar, heilsutengd ferðmennska og líftækni. Samnefnari þessara sviða er „*Skapandi Orka*“ eða „*Creative Energy*“.

Ísland er eitt lokaðasta land í heimi fyrir erlendri fjárfestingu. Bein erlend fjárfesting á Íslandi hefur undanfarna áratugi mestmegnis falist í orkufrekum iðnaði í stórum skömmtum. Þessi verkefni hafa verið umdeild og er samstaða um að leita eftir fleiri og fjölbreyttari verkefnum í framtíðinni. Íslendingar eru leiðandi á heimsvísu á tveimur sviðum: nýtingu jarðvarma og sjávertengdum iðnaði. Það er einstakt í heiminum að hafa fjórar jarðvarmavirkjanir nálægt höfuðborg og alþjóðaflugvelli. Höfuðborgarsvæðið er líka með stærri löndunarhöfnum heims og framleiðni sjávarútvegs með því hæsta í heimi. Í Reykjavík renna tvær laxveiðiár, hér eru Unesco heimsmynjar (Þingvellir) og eitt af 20 undrum veraldar (Bláa Lónið) samkvæmt National Geographic.

Helstu styrkleikar Íslands liggja í háum lífsgæðum sem lýsa sér í góðu menntakerfi og góðu heilbrigðiskerfi.

Helstu styrkleikar Íslands liggja í háum lífsgæðum sem lýsa sér í góðu menntakerfi og góðu heilbrigðiskerfi. Aðrir styrkleikar eru sterkir innviðir, traust orkukerfi, hátt tæknistig, sveigjanleigur vinnumarkaður, há atvinnuþátttaka kvenna og frumkvöðlahugarfar.

Helstu veikleikar Íslands eru gjaldeyrishöft, gengisáhætta, óskýrar reglur og jafnvel bann við erlendri fjárfestingu í ákveðnum greinum, fjarlægð frá mörkuðum og smæð innanlandsmarkaðar.



Tillögur fjárfestingarvaktarinnar til Iðnaðarráðherra

Hér er dregið stuttlega á helstu tillögum sem ráðgjafaráð um erlenda fjárfestingu lagði til við ráðherra í júlí í sumar. Margar þeirra eiga við um höfuðborgarsvæðið. Fjallað er betur um þessar tillögur í viðauka.

1. Skilgreina þarf **atvinnusvæði** fyrir mismunandi atvinnustarfsemi / klasa þar sem umhverfismat og önnur skipulagsmál, öll þjónusta við svæðið og aðrir þættir sem snúa að aðkomu opinberra aðila að mótun rekstrarumhverfis eru ákveðin og afgreidd fyrirfram.
2. Sveitafélög hefji kerfisbundið **mat á samkeppnishæfni** sinna svæða; styrkleikagreiningu, almenna gagnaöflun tengda fjárfestingarverkefnum, framsetningu slíkra upplýsinga og aðgerðaráætlun fyrir móttöku erlendra fjárfesta í samstarfi við Íslandsstofu.
3. Sveitafélög marki sér **sameiginlega stefnu** um erlenda fjárfestingu innan síns svæðis í samvinnu við Íslandsstofu og hið opinbera.
4. Auka þarf sveigjanleikan við veitingu **ívilnana** svo þær nái einnig til höfuðborgarsvæðisins.
5. Endurskoða þarf ýmsa **skattlagningu** svo sem þóknunatekna vegna hugbúnaðarréttinda, afslættir til fyrirtækja sem eru með ákveðinn lágmarksfjölda starfsmanna, skýr skilgreining á fastri starfsstöð hvað varðar gagnaver og viðskiptavinum þeirra og reglur um greiðslu arðs til hluthafa félaga og kaupréttarreglur
6. Settur verði sérstakur lagarammi um **atvinnuréttindi sérhæfðra erlendra starfsmanna**.



Saga erlendrar fjárfestingar á Íslandi

Ásgeir Jónsson skrifaði nýlega [greinagerð](#) fyrir viðskipta- og efnahagsráðherra þar sem hann fór yfir sögu beinnar erlendrar fjárfestingar fyrir Íslenskt efnahagslíf. Erlend fjárfesting var takmörkuð lengst af í Íslandssögunni fram til tímabilsins 1860-1930 sem Ásgeir kallar alþjóðavæðingin hin fyrri þar sem viðskipti voru frjáls milli þjóða og fólk fór milli landa vegabréfa- og hindrunarlaust. Á þessu tímabili þá fékk Ísland gríðarlega innspýtingu á erlendu eiginfjármagni. Um þetta tímabil segir Ásgeir:

Það eru fá lönd sem hafa tekið inn svo mikið erlent fjármagn inn á jafn skömmum tíma og Ísland gerði í byrjun tuttugustu aldar. Ísland uppskar gríðarlegar framfarir í kjölfarið.

Þetta tímabil endaði með gjaldþroti Íslandsbanka árið 1930 þar sem erlendir eigendur töldu sig hlunnfarna í uppgjöri hins fallna banka. Í kjölfar þess kom langt tímabil gjaldeyrishafta þar sem nær engin fjárfesting kom til landsins. Á þessu tímabili þá jók þjóðin mikið tekjur sínar af sjávarútvegi sem stóð undir vexti landsframleiðslu fram undir lok áttunda áratugarins. Þá gekk þjóðin í gegnum kreppu og fór í kjölfarið í EES og opnaðist fyrir erlendri fjárfestingu. Ásgeir telur fram helstu rök fyrir erlendri fjárfestingu í greininni:

... bein erlend fjárfesting [er] ekki aðeins færsla á fjármagni á milli landa heldur fylgir einnig með í kaupunum þekking og viðskiptatengsl þeirra sem leggja fram féð og vilja að það ávaxtist í nýju landi. Hægt er því að líta á eiginfjárfærslu sem lestarvagna nýsköpunar á milli landa. ...

almennt séð njóta þau lönd sem eru opin fyrir beinni erlendri fjárfestingu hraðari hagvaxtar.

Á því tímabili sem Íslands bjó við opið hagkerfi, frá 1994 til 2008, urðu þar til nokkur fyrirtæki sem óxu frá upp í að vera leiðandi fyrirtæki á heimsvísu en með höfuðstöðvar á Íslandi og erlenda fjárfesta í hópi eigenda sinna. Þetta eru fyrirtæki eins og Össur, Marel, Decode og Actavis.

Hér er stutt samantekt á erlendri fjárfestingu undanfarinna áratuga. Fyrsta stóra fjárfestingin eftir gjaldprot Íslandsbanka árið 1930 var þegar svissneska fyrirtækið Alusuisse byggði álver í Straumsvík sem hóf framleiðslu árið 1969. Næsta stóra fjárfesting var þegar Century Aluminum byggði álver við Grundartanga árið 1997 en síðan hefur erlendum fjárfestingaverkefnum fjölgað mikið.

Dags.	Fyrirtæki	Verkefni	Erlendir aðilar
6.2014	Stolt Sea Farms	Fiskeldi	Stolt Sea Farm
9.2014	Arnarlax	Fiskeldi	Salmun AS
8.2013	Carbon recycling	Nýtt hlutafé	Methanex
5.2013	Clara	Kaup	Jive Software
4.2013	Plain Vanilla	Hlutafé	Various
12.2012	Decode	Kaup	Amgen
2.2012	Verne Global	Gagnaver	Wellcome Trust
12.2011	Nikita	Kaup	Amer Sports
1.2011	Minkabú í Skagafirði	Minkabú	
9.2011	Lazytown	Kaup og nýtt hlutafé	Turner Broadcasting
9.2010	Hafmynd	Kaup	Teledyne
3.2010	Sabre Airlines Solutions	Kaup	Sabre
8.2009	Becromal	Aflþynnuverksmiðja	Becromal
6.2009	HS Orka	Kaup	Alterra
7.2008	Framestore	Íslenskt útibú	Framestore
4.2007	Kalkþörungaverksmiðja	Verksmiðja	Celtic Sea Minerals Ltd.
3.2007	Fjarðarál Reyðarfirði	Álver	Alcoa
1.2002	Nimblegen	Þróunarstöð	Roche
10.1997	Norðurál	Álver	Century Aluminum
6.1979	Járnblendiverksmiðjan	Járnblendi	Union carbide
5.1962	Straumsvík	Álver	Alusuisse

Rétt er að taka aftur fram að þessi upptalning er ekki tæmandi heldur einungis ætluð til þess að gefa mynd af þróun undanfarinna ára. Marel og Össur hafa bæði erlenda eigendur í sínum hópi og eftir gjaldþrot íslensku bankanna hafa mörg fyrirtæki færst í eigu erlendra aðila og ber þar hæst að nefna Arion banka og Íslandsbanka. Annað athyglivert atriði er tíðni fjárfestinga frá Norður Ameríku.

Erlend fjárfesting hefur í gegnum tíðina verið helst í orkufrekum verkefnum. Þegar erlendir fjárfestar koma fyrirtækjum en orkufrekum þá er algengast að þau kaupi viðkomandi fyrirtæki í heild frekar en að eiga minni hlut. Með þeim hætti þá geta þau fært tekjubrandi strauma til móðurfyrirtækisins handan gjaldeyrishaftanna en skilið eftir á Íslandi þróunar- eða framleiðsludeild sem móðurfyrirtækið greiðir fyrir þjónustu.

Samkeppnishæfni Höfuðborgarsvæðisins

Ísland kemur fyrir í fjölda samanburðamælingar á milli landa. Skoðun á undirþáttum í þessum könnunum gerir kleift að sjá út hvar styrkleikar Íslands liggja og hvar veikleikana er helst að finna. Ísland er í kringum 30 sæti yfir samkeppnishæfustu lönd í heimi samkvæmt flestum úttektum. Þættir sem skila Íslandi lægra sæti en 30 er því hægt að sjá sem samkeppnisyfirburðir og þættir þar sem landið er mikið yfir 30 sæti eru veikleikar.

Heimildir:	Styrkleikar	Veikleikar	Heimildir:
7. sæti: aðgengi að nýjustu tækni (WEF) 2. sæti: Innleiðing tæknilausna innan fyrirtækja (WEF) 1. sæti: hlutfall íbúa með nettengingu	Tæknistig	Þjóðhagslegt umhverfi	118 sæti: Macroeconomic environment (WEF) 128 sæti: Sparnaður (WEF)
21. sæti: Geta til nýsköpunar (WEF)	Nýsköpun	Fjármálamarkaðir	80 sæti (WEF)
17 sæti: Innviðir WEF 8. Sæti: Hafnir (WEF) 2. sæti: Gæði rafmagnsframboðs (WEF)	Innviðir	Stærð markaðar	127 sæti: Stærð innanlandsmarkaðar (WEF)
9. sæti: Hætta á mútubægni (WEF) 18. sæti: Sjálfstæði dómstóla 9. sæti: Áreiðanleiki löggæslu	Stofanir	Skattalegir launahvatar	117 sæti (WEF)
5. sæti: Hryðjuverk 10. sæti: Fjöldi daga til að stofna ft.	Viðskiptaumhverfi	Regluverk erlendrar fjárfestingar	144 sæti (WEF) 12 lokaðasta landið af 56 (OECD)
9. sæti: Lífslíkur (WEF) 2. sæti: Tíðni ungbarnadauða (WEF)	Heilbrigðiskerfi	Tollar	102 sæti: Tollamúrar (WEF)
8 sæti: Gæði menntakerfis (WEF) 1. Sæti: Netaðgengi í skólum	Menntakerfi	Kostnaður við landbúnaðarkerfi	128 sæti (WEF)
12. sæti: Hlutfalla kvenna á vinnumarkaði	Hlutfall kvenna á vinnumarkaði	Endurskoðunarkröfur	59. sæti (WEF)
6. sæti: Stjórn á alþjóðlegum flutningum til og frá landinu	Samgöngur	Vernd minnihlutaeigenda	59. sæti (WEF)
11. sæti: Vilji til valddreifingar	Viðskiptamenning	Áhrif skatta á vilja til fjárfestinga	124 sæti (WEF)

Styrkleikar og samkeppnishæfni

Í tillögugerð starfshóps iðnaðarráðherra um stefnu stjórnvalda varðandi beina erlenda fjárfestingu var sérstaða og samkeppnishæfni dregin saman með eftirfarandi orðum:

Starfshópurinn telur að samkeppnishæfni Íslands sé helst á sviðum sem tengjast hreinu umhverfi, hreinni orku, menntuðu og skapandi starfsfólki, landrými og góðu skipulagi samskiptakerfa. Auk þess býður Ísland öruggt, heilnæmt og fjölskylduvænt umhverfi sem kann að vera eftirsóknarvert, að öðru jöfnu, fyrir sérfræðinga sem æskilegt er að laða til landsins.

Höfuðborgarsvæðið getur dregið fram styrkleika sína innan þessa víða ramma og metið hvar þarf að leggja áherslu. Hrein orka, menntað og skapandi starfsfólk og gott skipulag samskiptakerfa eru styrkleikar svæðisins auk þess sem líklegt er að höfuðborgarsvæðið með fjölbreytni í mannlífi og menningarframboði sé eftirsóknarvert til búsetu fyrir erlenda sérfræðinga. Bæði í samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og í branding vinnunni þarf þá að draga fram þessa styrkleika og leggja áherslu á að uppfylla í raun ítrustu kröfur um að til staðar sé skipulagt landrými, hreint umhverfi, heilnæmt og fjölskylduvænt umhverfi.



Starfshópurinn nefndi dæmi um þær greinar sem uppfylla framangreind skilyrði um eftirsóknarverða erlenda fjárfestingu:

Undir þessar áherslur fellur meðal annars margskonar iðnaður sem er orkuháður og byggir á nýrri tækni, hugbúnaðariðnaður, heilbrigðisiðnaður, gagnaver, skapandi greinar, þjónustuiðnaður, heilsutengd ferðmennska og líftækni. Samnefnarar fyrir þessi svið eru orka, náttúra og þekking.

Höfuðborgarsvæðið á sóknarfæri og getur dregið fram sérstöðu sínu á öllum þessum sviðum. Orka, náttúra og þekking sem samnefnarar liggur nærri eldri slagorðum Reykjavíkurborgar svo sem „Next door to nature“ og „Pure Energy“. Hér er einnig auðvelt að skapa sterkar tengingar við stefnumótun á borð við Ferðamálafestefnu Reykjavíkurborgar 2011 til 2020 þar sem kynntar eru stoðirnar heilsuborgin, menningarborgin, vetrarborgin og ráðstefnuborgin. Atvinnustefna borgarinnar „Skapandi Borg“ er einnig auðvelt að tengja við þessa þætti.



Veikleikar og samkeppnishæfni

Í greiningu WEF eru þjóðhagslegir þættir stærstu veikleikar Íslands. Þetta eru gjaldeyrishöft, veik staða ríkisins og veikt bankakerfi. Aðrir veikleikar eru regluverk um erlenda fjárfestingu, smár markaður, tollarmúrar og skattar.

Ásgeir Jónsson tilgreinir í álitsgerð sinni sex ástæður fyrir því að erlend fjárfesting á Íslandi er ekki meiri en raun ber vitni. Þessir þættir eru í miklu samræmi við niðurstöður WEF:

1. Bann gegn fjárfestingum í ákveðnum greinum (Orka, Sjóvarútvegi og fasteignum)
2. Gjaldеyrisáhætta
3. Smæð innanlandsmarkaðar
4. Fjarlægð frá öðrum markaðssvæðum (flutningskostnaður)
5. Ógagnsæi í íslensku viðskiptalífi
6. Pólitísk áhætta

Svarendur í könnun WEF skilgreindu eftirfarandi fimm þætti sem þá erfiðustu í umhverfi fyrirtækja á Íslandi: Gjaldеyrishöft (23,9%), Verðbólga (16,4%), Aðgengi að fjármagni (14,7%), Skattar (10,5%) og Óstöðugt stjórnarfar (7,3%).

Atvinnugreinar og áherslusvið

Á vegum Íslandsstofu hafa verið unnar skýrslur þar sem samkeppnisstaða Íslands á ýmsum sviðum er kortlögð. Efni þeirra gefur sterka vísbendingu um vænlegar áherslur höfuðborgarsvæðisins.

Ferðapjónusta

Í nýlegri úttekt alþjóðlega ráðgjafafyrirtækisins PKF á tækifærum og þörf fyrir erlendar fjárfestingar í uppbyggingu ferðapjónustu á Íslandi er sérstaklega bent á fjárfestingu í ráðstefnu- og hvataferðamennsku,

uppbyggingu tengda menningarferðum eða styttri ferðum, matarupplifanir og heilsu- og vellíðan auk vaxandi fjölda skemmtiferðaskipa. Hér hefur höfuðborgarsvæðið þann grunn sem þarf og stefnumótun sem tengja má átaki tengdu erlendum fjárfestingum í þessum vaxandi geira. Fjöldi erlendra aðila hefur lýst yfir áhuga á fjárfestingum í ferðaþjónustu í kringum höfuðborgarsvæðið auk þess sem vöxtur í komu erlendra ferðamanna hefur verið með mesta móti undanfarin ár.

Orkuháður iðnaður

Þegar kemur að orkuháðum iðnaði er yfirleitt horft á staðsetningu utan þéttustu byggðar auk þess sem ívilnanir, heimilar á grundvelli byggðakorts ESA, geta vegið þungt. En margvíslegur orkuháður iðnaður er einnig háður aðgengi að menntuðu vinnuafl og þekkingarsamfélagi. Hér má til dæmis nefna bæði koltrefjaframleiðslu og hreinkísil sem hafa komið til skoðunar í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Auk aðgengis að menntuðu vinnuafl og vísindastofnunum vega innviðir á borð við hafnaraðstöðu, nálægð við alþjóðaflugvöll og slíkt þungt í slíkum skoðunum.

Að frumkvæði Fjárfestingarstofunnar vann löntæknistofnun, í samstarfi við írskan ráðgjafa, kostnaðarsamanburð vegna koltrefjaframleiðslu á Íslandi, í Skotlandi og Þýskalandi. Niðurstaðan var lægri kostnaður á Íslandi. Nýleg kostnaðar- og samkeppnisgreining sem unnin var af bandaríska ráðgjafafyrirtækinu Omnia fyrir Fjárfestingarsvið, staðfestir þá niðurstöðu. Í skýrslu Omnia er samanburður gerður við Washingtonfylki í Bandaríkjunum og Bretland. Útkoman er hagræði af staðsetningu á Íslandi að teknu tilliti til bæði rekstrar- og fjármagnspáttá.



Í kjölfar áhuga á byggingu kísilvera hér á landi hafa komið fyrirspurnir um möguleika á framhaldsvinnslu, þ.e. hreinkísilframleiðslu sem er mjög orkuháður hátækniiðnaður.

Hér vaknar spurningum um afmörkun þess svæðis sem mörkunarvinna höfuðborgarsvæðisins vegna beinna erlendra fjárfestinga nær til. Grundartangi er til dæmis áhugavert svæði og þar eru sóknarfæri sem snerta beint Faxaflóahafnir og vinnuafl á höfuðborgarsvæðinu þótt svæðið sé innan annars sveitarfélags. Svipuð sjónarmið um eflingu svæðisins í heild gætu átt við um sóknarsvæði á Reykjanesi.

Efnaferlar

Á vegum Fjárfestingarsviðs hefur samkeppnishæfni Íslands gagnvart ýmiskonar efnaferlum verið metin af ráðgjafafyrirtækjunum Investum og Prochemics í Sviss. Einkum var horft til efnaferla sem henta til umhverfisvænnar nýtingar margvíslegra orku- og efnastrauma frá jarðvarmaveitum. Samkvæmt niðurstöðum Investum væri framleiðsla á klór, sodium klorate og lithíum málmi einkar hentug hér á landi. Prochemics vann áfram með klórbyggða efnaferla út frá samkeppnishæfni í grænni raforku og gufu og lagði til áherslu á

efnaferla til vatnshreinsunar og framleiðslu hreinkísils (sjá að framan). Kynningarstarf á þessu sviði hefur skilað áhuga erlendra fjárfesta.

Tækifæri höfuðborgarsvæðisins felast m.a. í nálægð við vinnslusvæði jarðvarma og tækifæri til að byggja upp klasa eða efnagarða vegna stærðar vinnumarkaðar og innviða.

Gróðurhús í iðnaðarskala

Greiningar Fjárfestingarsviðs sýna að samkeppnishæfni Íslands á sviði matvælaframleiðslu í risagróðurhúsum er góð og fer batnandi með hækkandi orkuverði víða erlendis og aukinni eftirspurn eftir framleiðslu þar sem skordýraeitur er ekki notað. Gróðurhús af þessu tagi nýtir raforku og bæði heitt og kalt vatn auk koltvísýrings. Því er horft til staðsetningar við jarðvarmaver.

Gagnaver

Gagnaveraiðnaðurinn er fjölbreyttur en fulltrúar hans hér á landi hafa mikinn metnað til að þróast í fulltíða tækni- og hugbúnaðarþjónustu. Fulltrúar iðnaðarins og Fjárfestingarsvið Íslandsstofu hafa átt samstarf við háskólana í Reykjavík um greiningu á þörf fyrir menntað vinnuafli og hvernig hægt sé að mæta henni. Höfuðborgarsvæðið á því sóknarfæri á þessu sviði samanborið við önnur svæði. Greiningar aðilar á borð við PriceWaterhouseCoopers og McKinsey hafa staðfest samkeppnishæfni Íslands á þessu sviði, ekki síst út frá framboði á orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og hagstæðu loftslagi sem dregur úr kælipörf. Þættir á borð við öryggi raforku- og samskiptakerfa og almennt öryggi í landinu vega einnig þungt. Nokkur svæði á og við höfuðborgarsvæðið eru hagstæð gagnaverum.

Tölvuleikjaframleiðsla og aðrar skapandi greinar

Alþjóðlegur ráðgjafi á sviði tölvuleikjaframleiðslu skoðaði nýlega samkeppnishæfni Íslands á sviði tölvuleikjaframleiðslu samanborið við Bretland, Svíþjóð og Kanada. Kanada býður miklar ívilnanir í kjölfar þeirrar stefnu þarlendrar yfirvalda að byggja slíkan iðnað upp þar í landi. Að mati skýrsluhöfundar liggur sóknarfæri Íslands á sviði lítilla og sveigjanlegra fyrirtækja sem framleiða netleiki, leiki fyrir snjallsíma og spjaldtölvur og leiki fyrir samskiptamiðla. Veikleikinn er skortur á menntuðu fólki en þar stendur höfuðborgarsvæðið þó sterkast hérlendis.

Kortlagning á umfangi og framlagi skapandi greina hefur leitt í ljós starfsemi sem tengist fjölda atvinnugreina og vekur mikla athygli á Íslandi erlendis. Vaxandi áhugi erlendra kvikmyndafyrirtækja á Íslandi eflir til dæmis kvikmyndaiðnaðinn á Íslandi og skapar miklar tekjur. Höfuðborgarsvæðið er vagga stórs hluta þessarar starfsemi og á sóknarfæri í að laða hingað bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Líf- og heilsutækni

Samkvæmt úttekt ráðgjafafyrirtækisins Stratego International fyrir AVS og Samtök líftæknifyrirtækja á Ísland góða möguleika til vaxtar á



ýmsum sviðum líftækni. Jarðvarmi, fjölbreytt og hreint sjávarfang, aðlaðandi einkaleyfaumhverfi og frambærilegir háskólar með hæfu fólki vega þar þyngst. Hér má bæta við öflugum heilbrigðiskerfi og grósku í heilsutækni auk vaxandi áhuga á t.d. þörungarækt hér á landi. Höfuðborgarsvæðið býr yfir innviðum, háskólum og stofnunum auk mannaflans.

Skattar sem samkeppnistæki gagnvart fjármálaþjónustu

PricewaterhouseCoopers í Belgíu vann skýrslu um það hvort og hvernig Ísland geti farið að fordæmi margra annarra ríkja og nýtt sér skattaumhverfið til að laða að fjármálaþjónustu af ýmsu tagi. Kostirnir eru m.a. miklar skatttekjur hins opinbera þrátt fyrir hlutfallslega lágt skatthlutfall og þörf fyrir vel menntað starfsfólk. PWC bendir m.a. á þrenns konar starfsemi sem horfa mætti til: Fjármálaþjónustu alþjóðlegra fyrirtækja sem sjá um fjármögnun sína í gegnum eigin lánastofnun, umsýslufélög fyrir einkaleyfisþóknun og „royalties“ og félög sem sinna alþjóðlegri skipaskráningu. Lögð er áhersla á að unnið sé með gagnsæjum og ábyrgum hætti í anda alþjóðasamninga og skuldbindinga. Því eigi ekki að vera um aflandsstarfssemi að ræða. Höfuðborgarsvæðið er hinn augljósi vettvangur starfsemi af þessu tagi vegna allra innviða og mannafla.



Viðauki 1: Aðgerðir til undirbúnings og eflingar markaðsstarfs

Í skýrslu starfshóps iðnaðarráðherra um stefnu stjórnvalda varðandi beina erlenda fjárfestingu er komið inn á ýmsa þætti sem snúa að sveitarfélögum eða einstökum svæðum. Undir flest er tekið í nýjum tillögum Fjárfestingarvaktar til iðnaðarráðherra um aðgerðir til úrbóta. Hér er vikið að nokkrum þáttum.

Skipulagsmál

Í skýrslu starfshóps iðnaðarráðherra segir m.a.:

Skilgreina þarf svæði fyrir mismunandi atvinnustarfsemi / klasa þar sem umhverfismat og önnur skipulagsmál, öll þjónusta við svæðið og aðrir þættir sem snúa að aðkomu opinberra aðila að mótun rekstrarumhverfis eru ákveðin og afgreidd fyrirfram. Þannig geta erlendir aðilar sem vilja setja á stofn nýja atvinnustarfsemi í Íslandi á því sviði, gengið að skipulagi og rekstrarumhverfi vísu.

Með því að samþætta atvinnustefnu, skipulagsmál og áherslu á nýfjárfestingar (innlendar sem erlendar) má ná auknum árangri í þessu efni. Slík samþætting auðveldar líka allt markaðsstarf og opnar þann möguleika að bjóða fjárfestum vel afmarkaða staðsetningarkosti þar sem flestum spurningum hefur verið svarað.

Gagnaöflun og markaðsstarf

Að hlutverki sveitarfélaga og svæða í markaðsstarfi í samstarfi við Fjárfestingarsvið Íslandsstofu er vikið í skýrslunni með eftirfarandi hætti:

Starfshópurinn telur að vel fari á því að kynningar- og markaðsstarf fyrir beina erlenda fjárfestingu falli undir starfsemi Íslandsstofu svo lengi sem tryggt er að þessi málaflokkur hafi sjálfstæði og vægi innan stofunnar. [...]

Starfshópurinn telur að verulega skorti á samstarf milli fjárfestingarsviðs Íslandsstofu og sveitarfélaga og stofnana sem starfa á tengdum sviðum. Þess vegna er lagt til að hafin verði kerfisbundin vinna í einstökum landshlutum við styrkleikagreiningu á svæðinu, almenna gagnaöflun fyrir mikilvæga þætti tengda fjárfestingarverkefnum, framsetningu slíkra upplýsinga og aðgerðaráætlun fyrir móttöku erlendra fjárfesta sem leita upplýsinga vegna hugsanlegrar staðsetningar á svæðinu og vísar starfshópurinn í því samhengi í skýrslu iðnaðarráðuneytisins um endurmótun stoðkerfis atvinnulífsins.

Um markaðsstarfið almennt segir:

Kynningar- og markaðsstarf fyrir beina erlenda fjárfestingu á Íslandi er lítið og líður fyrir skort á stefnumörkun, skort á fjármagni, skort á formlegri stöðu í stjórnkerfinu og skort á samstarfi þeirra aðila sem starfa á þessum vettvangi. Í skýrslu PricewaterhouseCoopers á stöðu kynningar- og markaðsmála fyrir beina erlenda fjárfestingu á Íslandi frá árinu 2010 kemur skýrt fram, að mun betur þarf að huga að málaflokknum ef árangur á að nást.

Enn fremur:

Í úttekt PricewaterhouseCoopers frá árinu 2010 er að finna samanburð á umfangi, fjármögnun og mönnun milli Íslands, Möltu, Svíþjóðar og Flanders þar sem kemur fram að Ísland stendur þessum svæðum langt að baki varðandi umgjörð og fjármagn sem varið er til þessa málaflokks, hvort sem horft er á krónutölu pr. íbúa eða heildarfjárhæðir. Annar ókostur er að framlögin lækka í kreppuástandi, þegar mest þörf er á beinni erlendri fjárfestingu. Þá er fyrirkomulag fjármögnunar með þeim hætti að erfitt er að gera langtímaáætlanir. Viðmælendur voru sammála um að árangur fjárfestingarsviðs Íslandsstofu væri eftirtektarverður í þessu ljósi.

**Ein leið til úrbóta er
bætt samhæving og
samstarf stornana,
sveitarfélaga og
hagsmunaaðila.**

Ein leið til úrbóta er bætt samhæving og samstarf stofnana, sveitarfélaga og hagsmunaaðila.

Á grunni þeirra viðtala sem starfshópurinn tók og þeirra takmörkuðu gagna sem finna má um samstarf þessara aðila, þá er það mat starfshópsins að verulega skorti á samhæfingu og skilvirkni í samstarfi stofnana, sveitarfélaga og hagsmunaaðila þegar að kynningar- og markaðsstarfi fyrir beina erlenda fjárfestingu komi.

Í nýjum tillögum Fjárfestingarvaktarinnar til iðnaðarráðherra er vikið að þessari gagnrýni á að of litlu sé varið til markaðsstarfsins auk þess sem opinbera stefnumótun skorti sem bakhjarl við þá vinnu sem Fjárfestingarsvið hefur unnið.

Í stuttu máli má segja að megineinkennið á markaðs- og kynningarstarfi hér á landi samanborið við viðmiðunarlöndin er hve litlu er varið til verkefnisins. Þá skorti opinbera stefnumótun og þar

með leiðsögn um áherslur og forgangsröðun þar sem unnið er út frá því hvers kyns uppbygging var talin eftirsóknarverðust eða falli best að styrkleikum og sérstöðu Íslands auk þjóðarhagsmuna. Starfsmenn unnu því sjálfir slíkt mat og studdust m.a. við samkeppnisgreiningar sem þeir létu vinna til að finna út styrkleika og tækifæri Íslands á einstökum sviðum. PWC lýsti sig sammála niðurstöðum starfsmanna en kallaði eftir mun breiðari stuðningi með formlegri opinberri stefnumótun.

Fjárfestingarvaktin leggur til mikla eflingu markaðsstarfssins, bæði almennt og byggt á betri greiningum á styrkleikum og sérstöðu einstakra svæða. Tekið er undir þá niðurstöðu PWC að núverandi rammi um markaðsstarfið sé langt frá því að vera viðunandi, ekki síst hvað varðar greiningar á einstökum mörkuðum og svæðum:



Vönduð greiningarvinna er forsenda markaðsaðgerða og því þarf að efla hana enn frekar. Bæta verður þennan þátt innan fjárfestingarsviðs Íslandsstofu með því að gera sviðinu kleift að vinna greiningar á einstökum mörkuðum og svæðum og veita um leið auknum fjármunum til að kaupa þá greiningarvinnu sem þarf.

Fjölmiðlaumfjöllun um Ísland sem fellur að þeirri ímynd sem við viljum halda á lofti er mikilvæg og skilvirkari en dýrt kynningarstarf. Hér þarf einnig að bæta tengsl og verja meiru til þess að bjóða hingað fulltrúum fjölmiðla.

Bæta þarf vinnu úti á einstökum mörkuðum og gagnvart einstökum atvinnugreinum. Nærvera fulltrúa fjárfestingarsviðs Íslandsstofu á lykilmörkuðum er mikilvæg og getur styrkt allt starf til muna gagnvart erlendum fjárfestum.

Nærtækt er að álykta að höfuðborgarsvæðið geti orðið leiðandi við að greina styrkleika og sérstöðu svæðisins, efla innviði og afla gagna og upplýsingar sem þarf til að stunda markvisst markaðsstarf og laða beina erlenda fjárfestingu til svæðisins. Þannig styður starf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Fjárfestingarsviðs Íslandsstofu hvað við annað.



Viðauki 2: Forysta um úrbætur í starfs- og lagaumhverfi

Til að fylgja eftir stefnumótun stjórnvalda um beina erlenda fjárfestingu var Fjárfestingarvaktinni falið að vinna tillögur um úrbætur og aðgerðir. Ítarlegar tillögur fjárfestingarvaktarinnar voru afhentar iðnaðar- og viðskiptaráðherra í júlí sl. Auk tillagna um eflingu markaðsstarfs, sem vikið er að hér að framan, eru tillögur um úrbætur í starfs- og lagaumhverfi sem geta skipt miklu máli fyrir árangur höfuðborgarsvæðisins við að laða til sín beina erlenda fjárfestingu.

Í því sambandi er rétt að benda á að stór hluti þeirra ívilnana sem heimilt er að veita vegna nýfjárfestinga samkvæmt lögum nr. 99/2010 grundvallast á byggðakorti ESA. Þar eru skilgreind þau svæði sem byggðatengdar ívilnanir ná til. Nú þegar er höfuðborgarsvæðið undanskilið og mögulegt er að við yfirstandandi endurskoðun byggðakortsins falli út stærri svæði umhverfis höfuðborgina. Fyrir höfuðborgarsvæðið er því mikilvægt að starfs- og lagaumhverfi beinnar erlendrar fjárfestingar sé þannig að svæðið geti nýtt styrkleika sína og sérstöðu. Það á ekki síst við um þekkingargeirann þar sem greitt aðgengi að mannauð og menntun vegur þyngst. En margar aðrar af tillögum Fjárfestingarvaktarinnar eru höfuðborgarsvæðinu sérstaklega mikilvægar eins og nánar er rakið hér á eftir.

Fjárfestingarvaktin leggur áherslu á að auka sveigjanleikann við veitingu ívilnana svo unnt sé að koma betur til móts við þarfir og hagsmuni nýrra atvinnugreina sem hingað leita, m.a. með skattalegum hvötum auk þess sem virkja þurfi ákvæði ívilnanalaga um þjálfunarstyrki með heimild á fjárlögum. Þjálfunarstyrkir og stuðningur vegna rannsókna og þróunar falla einmitt undir almennar ívilnanir sem ekki eru háðar skilgreindum svæðum á byggðakorti ESA. Sama á við um sérstakar ívilnanir vegna umhverfisvænna fjárfestinga. Tillögur Fjárfestingarvaktarinnar um úrbætur á ívilnanakerfinu eru því



sérstaklega mikilvægar fyrir höfuðborgarsvæðið sem og önnur svæði sem leggja áherslu á mannauð, rannsóknir og þróun auk eflingar greina sem fallið geta undir græna hagkerfið.

Fjárfestingarvaktin leggur til margvíslegar tillögur um úrbætur tengdar skattamálum. Meðal þess sem snertir höfuðborgarsvæðið sérstaklega eru sérreglur um skattlagningu þóknunatekna vegna hugbúnaðarréttinda, afslættir til fyrirtækja sem eru með ákveðinn lágmarksfjölda starfsmanna, skýr skilgreining á fastri starfsstöð hvað varðar gagnaver og viðskiptavini þeirra og reglur um greiðslu arðs til hluthafa félaga og kaupréttarreglur. Allt snýr þetta sérstaklega að fjárfestingarverkefnum sem byggja á hugviti og mannauði sem er meðal helstu styrkleika höfuðborgarsvæðisins.

Fjárfestingarvaktin leggur til að settur verði sérstakur lagarammi um atvinnuréttindi sérhæfðra erlendra starfsmanna líkt og mörg nágrannaríki hafa gert. Í þessu sambandi bendir Fjárfestingarvaktin á reynslu Norðurlandanna af ívilnunum og hvötum til að laða að erlenda sérfræðingabekkingu og leggur til að lagt verði mat á hvaða áhrif sambærilegur lagarammi hefði á íslenskan vinnumarkað.

Höfuðborgarsvæðið hlýtur eðli málsins samkvæmt að leggja áherslu á öflugt þekkingar- og vísindasamfélag og hinn skapandi geira. Úrbætur sem ýta undir þróun í þá átt eru því mikilvægar.



Viðauki 3: Yfirlit yfir skýrslur um samkeppnishæfni Íslands

WEF [Competitiveness report 2013-2014](#):

*Iceland is ranked at **31st position** this year. Despite significant difficulties in recent years, Iceland continues to benefit from a number of clear competitive strengths in moving to a more sustainable economic situation. These include the country's top-notch educational system at all levels (9th and 12th in the health and primary education and higher education and training pillars, respectively) coupled with a relatively innovative business sector (27th) that is highly adept at adopting new technologies for productivity enhancements (10th). Business activity is further supported by an efficient labor market (17th) and well-developed infrastructure (17th). On the other hand, a weakened macroeconomic environment (118th) and financial markets (80th) remain areas of concern, although these have measurably improved since last year.*

PWC – [Northern lights – Nordic capitals analyzed](#)

"[Reykjavik] ranked second in the performance of its health system and tied with Helsinki for first as the city with least crime ... Finally, Reykjavik ranks a strong second in its total tax rate, just 4.3% above that of first-place Copenhagen, and also comes second in ease of starting a business ...

What all these data tell us, in short, is that when Iceland, just a few years back, reached the summit of an entire range of economic and human-development rankings, it did not do so by accident. The banking crisis was a heavy blow, but the data in our study confirm that Iceland clearly has the economic and social infrastructure in place to return to its place at the top. It cannot happen immediately, but it may happen quicker than most people thought possible just a couple of years ago.”

Index of Economic Freedom – [23rd place](#)

Iceland’s economic freedom score is 72.1, making its economy the 23rd freest in the 2013 Index. Its overall score is 1.2 points better than last year, due primarily to substantial efforts to rein in government spending. Iceland is ranked 13th out of 43 countries in the Europe region, and its overall score remains well above the world and regional averages.

Though hit sharply during the financial crisis, Iceland is well into the process of recovery. The quality of the legal framework remains among the world’s highest, providing effective protection for property rights. The rule of law is well maintained, and a strong tradition of minimum tolerance for corruption is firmly in place.

Iceland has demonstrated a strong commitment to restoring the soundness of public finance and the credibility of its policies. However, the emergency economic measures, including capital controls, implemented by the government during the financial crisis are being unwound only slowly and constitute a serious barrier to economic freedom that threatens future growth. A dependable commitment to regulatory efficiency and open-market policies underpins efforts to restore positive momentum.

Global Benchmark – [Dansk Industry](#)

In 2013 Iceland went up three spots from no. 17 to no. 14 out of all OECD nations in the Danish Industry’s Global Benchmark report which measures nation’s competitiveness based on a number of factors divided into five pillars of competitiveness: level of globalization, productivity and innovation, qualified labor, public economy and costs. Iceland had some top scores such as 2nd place in population’s flexibility and adaptability and 1st place in labor participation rates.

Futurebrands - [Country Brand Index 2012-13](#)

Known for its Viking past, off-the-beaten-path attractions and natural beauty, Iceland has made huge strides in turning its economy around after hitting rock bottom in the Eurozone crisis. With strong, stable democratic institutions, a diversified economy, robust fishing industry



and strong commitment to human development and social cohesion, this island nation is a micro-model for balanced, well-functioning societies.

Although the population of Iceland doesn't exceed 320,000, its government continuously pursues policies focused on the quality, satisfaction and competitiveness of its citizenry. Investments in education, infrastructure, healthcare and research and development constitute an important part of public and private spending. In turn, the people of Iceland are among the most skilled and educated in the world. A sense of community is an important foundation for Icelandic society, making its protected, timeless traditions important cultural assets.

In light of its size and location, Iceland's future will never mirror that of China or India. But the small country is nonetheless capitalizing on its history, culture and location to create durable brand strength. Recently, Icelandair launched a new business initiative offering free stopovers in Iceland when traveling between North American and Europe. Forward-looking business strategies like this will help demonstrate the country's assets and treasures, encouraging tourism and awareness around a nation that's taken itself from bankruptcy to thriving economy in a matter of years.

Heimildir

- Alþingi. 2012. *Þingsályktun um stefnu um beina erlenda fjárfestingu*. Alþingi. Tillaga með greinargerð og fylgiskjöllum sótt á vef Alþingis í maí 2013. Slóð: <http://www.althingi.is/altext/140/s/0498.html>
- BroadGroup. 2010. *Western European data centre research*.
- Capacent Rannsóknir. 2007. *Highly Educated Workers, Focus Group*. Unnið fyrir Fjárfestingarstofu, Invest in Iceland Agency.
- Efnahags- og viðskiptaráðuneytið. 2012. *Þýðing beinnar erlendra fjárfestingar fyrir Ísland*. Greinargerð Ásgeirs Jónssonar, hagfræðings, fylgiskjal með tillögu til þingsályktun um stefnu um beinar erlendar fjárfestingar.
- Fjárfestingarvaktin. 2013. *Tillögur til ráðherra um úrbætur á samkeppnishæfni Íslands varðandi beina erlenda fjárfestingu og eflingu markaðs- og kynningarstarfs í því skyni*. Sótt á vef Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis í ágúst 2013. Slóð: http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/Fjarfestingarvakt_tillogur_til_radherra.pdf
- Iðnaðarráðuneytið, 2009. *Ívilnanir til eflingar fjárfestingum í atvinnurekstri - Skýrsla starfshóps*. Slóð: http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Rafræn_afgreidsla/ivilnanir_til_eflingar_fjarfestingum_skyrsla_2009.pdf
- Iðnaðarráðuneytið. 2011. *Orkustefna fyrir Ísland, stýrihópur um mótun heildstæðrar orkustefnu*. Mars 2011. Slóð: <http://www.nea.is/orkustefnunefnd>
- Iðnaðarráðuneytið. 2012. *Tillögugerð um stefnu stjórnvalda varðandi erlenda fjárfestingu*. Starfshópur skipaður af iðnaðarráðherra. Slóð: <http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/Tillogur-erlend-fjarfesting-skyrsla-VII.pdf>.
- Invest in Iceland Agency. 2006. *Life Science in Iceland*.
- Investum. 2009. *Diversified Usage of Renewable Energy in Iceland - analysis of alternative energy intensive sectors*.
- Íslandsstofa. 2013. *Umsögn Íslandsstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi*. Janúar 2013. Sótt á vef Alþingis í maí 2013. Slóð: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=141&dbnr=1232>
- LEX lögmennsstofa. 2013. *Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, lögum um útlendinga, lögum um tekjuskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um tekjustofna sveitarfélaga*. Óbirt drög.
- Lög um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, nr. 99/2010. Alþingi, 2010. Slóð: <http://www.althingi.is/lagas/141a/2010099.html>
- McKinsey & Company. 2011. *Prospects of a data center industry in Iceland*.
- Mulligan, Jessica. 2011. *Making Iceland competitive in attracting foreign videogame company investment*.

- Omnia. 2012. *Assessment of Carbon Fiber Manufacturing Cost for INVEST in Iceland*.
- PKF. 2013. *Long-term strategy for the Icelandic tourism industry*. Útdráttur á íslensku sóttur á vef Íslandsstofu í ágúst 2013. Slóð: <http://www.islandsstofa.is/files/pdf/islandsstofa-pkf-skyrsla-2-july-2013-low-res.pdf>
- PriceWaterhouseCoopers. 2008. *How Iceland can underpin FDI through tax incentives*. Skýrsla fyrir Invest in Iceland frá maí 2008.
- PriceWaterhouseCoopers. 2010. *Future options for Invest in Iceland Agency, the agency responsible for attracting Foreign Direct Investment* (Draft Report). Reykjavík: Íslandsstofa.
- PriceWaterhouseCoopers. 2010. *Data Centre Location. Phase 2. Final Report*.
- ProChemicals Ltd. 2010. *Chemical Investments in Iceland*. Prepared for: Investum ehf.
- Strategro International LLC. 2007. *Assessment of the Icelandic Biotech System*.
- V.E.K. Adviesgroep B.V. 2009. *Icelandic Greenhouse Project. Producing high quality tomatoes in modern greenhouses in Iceland. Feasibility analysis*.
- V.E.K. Adviesgroep B.V. International Horticultural Consultants. 2003. *Opportunities for horticulture on Iceland*.
- Ásgeir Jónsson. 2011, *Þýðing beinnar erlendrar fjárfestingar fyrir Ísland*, Álitsgerð fyrir Efnahags- og viðskiptaráðherra, <http://www.gamma.is/frettingreinar/nr/160>
- OECD, FDI Regulatory Restrictiveness Index, <http://www.oecd.org/investment/fdiindex.htm>,
- WEF, Global Competitiveness Report 2013-2014, Slóð: http://www3.weforum.org/docs/WEF_GlobalCompetitivenessReport_2013-14.pdf,